

## 2. des—gervishjór

Þú þarft — AB mjólk, málningarlímband, pensil og spegil eða glugga.

1

Byrjaðu á því að þússa spegilinn (eða gluggann) vel. Við viljum ekki að hann sé pá mugur á jólnum.

2

Nú skaltu ákveða hvaða myndir þú vilt hafa á speglinum. Síðan notar þú málningarlímbandið til að teikna þær á hann. Þú mátt teikna hvað sem þér dettur í hug, snjókarla, jólasveina eða jólatré, bara hvað sem er. Passaðu bara að allar brúnir sé búið að líma vel niður svo engin AB mjólk komist undir límbandið. Það getur líka verið sniðugt að setja eina rönd af límbandinu út í öll horn og á alla kanta svo að AB mjólkinn fari ekki út fyrir.

3

Þegar myndin er tilbúin alveg eins og þú vilt hafa hana þá hellir þú AB mjólkinni í dall. Síðan tekur þú pensilinn og þekur allan flötinn með AB mjólkinni. Passaðu bara að hafa jafnt lag af AB mjólk alls staðar svo áferðin verði falleg. Þegar allur flöturinn hefur verið málaður er bara að bíða eftir því að AB mjólkinn þorni. Þetta getur tekið smá tíma og því þarf að vera þolinmóður.

4

Þegar AB mjólkinn er alveg örugglega þornuð má taka límbandið af og sést þá spegillinn í gegn þar sem límbandið var áður. Nú er myndin tilbúin og það er næstum eins og það hafi snjóað inni.